

Skýlt er að halda úthafskarfa aðgreindum frá öðrum karfa um borð í veiðiskipi og skal hann veginn sérstaklega við löndun.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur nákvæmar skýrslur um veiðarnar. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hvort aflinn eða hve mikill hluti hans er fenginn innan landhelgi Íslands.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 189, 1. apríl 1996, um veiðar á úthafskarfa 1996.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. janúar 1997.

Dorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 685, 28. desember 1996,
um úthlutun veiðiheimilda á Flæmingjagrunni.**

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 3. gr. komi tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:

Úthlutun aflahlutdeildar samkvæmt 1. mgr. er bundin því skilyrði, að skip sé skráð íslenskt og skal við útreikning aflahlutdeildar aðeins taka mið af afla skips þann tíma, sem það er skráð íslenskt og eigendur þess og útgerð hafa fullnægt þeim skilyrðum um eignarhald, sem sett eru fyrir veitingu veiðileyfis í fiskveiðilögsögu Íslands. Ekki skal taka tillit til afla, sem fenginn er í andstöðu við ákvæði laga nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur og laga nr. 20/1987, um sjómannadag. Hafi skip misst rétt til aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein, þar sem það fullnægir ekki lengur skilyrðum 1. málslíðar þessarar málsgreinar, er heimilt að úthluta nýju íslensku skipi í eigu sama aðila þeirri aflahlutdeild, enda komi hið nýja skip í stað eldra skips og eigi rétt til aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

Telji Fiskistofa ástæðu til að ætla að veiðar tiltekins skips hafi verið stundaðar með þeim hætti að afli þess tiltekið tímabil skuli ekki reiknast til viðmiðunarafla þess, sbr. 2. mgr., þá skal Fiskistofa gefa útgerð hlutaðeigandi skips kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri við Fiskistofu áður en til endanlegrar úthlutunar aflahlutdeildar kemur.

2. gr.

Í stað: „en frádráttur kemur til framkvæmda 1. september 1997“ í 2. málslíð 4. gr. komi: en hefur ekki áhrif á úthlutað aflamark fiskveiðiársins 1996/1997.

3. gr.

Í stað: „1. febrúar 1997“ í 3. mgr. 5. gr. komi: 15. febrúar 1997.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. janúar 1997.

Dorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 29

23. janúar 1997

AUGLÝSING

**um skrá Seyðisfjarðarkaupstaðar, skv. 4. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986,
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skrá yfir þá starfsmenn sem ekki er heimilt að leggja niður vinnu, komi til vinnu-
stöðvunar í framhaldi af yfirstandandi kjarasamningum:

Vatnsveitustjóri (v/öryggisgæslu)	1 staða
Launafulltrúi	1 staða
Skrifstofustjóri	1 staða

Seyðisfirði, 23. janúar 1997.

Jóhann B. Sveinbjörnsson.

Nr. 30

20. janúar 1997

AUGLÝSING

**um skrá Reyðarfjarðarhrepps skv. 6.-7. tl. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skrá yfir þá sem falla undir 6.-7. tl. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra
starfsmanna:

1. Sveitarstjóri	1,0 staða.
2. Skrifstofustjóri	1,0 staða.
3. Veitustjóri	1,0 staða.
4. Aðstoðarverkstjóri í áhaldahúsi, öryggisgæsla og eftirlit með vatnsveitu	1,0 staða.

Reyðarfirði, 20. janúar 1997.

Ísak J. Ólafsson sveitarstjóri.